

# Sannleikur- inn og villan.

## I.

Enginn sem með nægilegri athygli hlýddi á erindi Grétars Fells 11. þ. m., eða það sem sagt var Útvarpskvöld Guðspekifélagsins 15. síðastl., getur blandast hugur um, að það má heita fullkomni trúartrúði guðspekistefnunnar, að menn fæðist aftur og aftur hér á jörðu, eða sé endurbornir, einsog Edda kemst að orði. En eg fullyrði — og fyrir mér er hér ekki um tritaratriði að ræða, heldur þekkingu fengna meðlangvinuri rannsókna — að þessi kenning hinnar svonefndu guðspeki er villa og hún stórhaskaleg vegna þess hve mjög hún leiðir til hins alvarlegasta misskilnings á lífinu. Það er erfitt að hugsa sér ólíklegri aðferð til þess að koma mönnum til þroska en að láta þá lifa hér á jörðu aftur og aftur þannig, að þeir hefðu langflestar, ekki nokkra minstu hugmynd um að hafa lifað hér áður, enda má fá örugga vitaneskju um, að mjög ólíkt þessu er að því farið að hjálpa mönnum á þroskaleið. Þegar menn vakna til nýs lífs í nýjum líkama, þá er þeim einmitt kent að muna sem allra gleggst áina fyrri ævi, og eigi einungis það, heldur einnig að skilja sem fullkomlegast hvað rétt hafi verið og hvað rangt, í öllu þeirra fari. Og er það ekki í augum uppi, að einmitt á þessa leið hljóti að vera farið að því að húa menn undir að lifa fullkomnara lífi? Vegna þess hve mjög er talað einsog það væri einungis andlön sem ætti fyrir sér að þroskast, en „holdið“ (þ. e. líkaminn) ekki, skal eg geta þess, að rétt framsókn miðar eigi einungis að því að fullkomna andann, heldur einnig líkamann, þannig að hann verði ávallt segr og sterkari. Einnig áhuginn á að láta sér fara líkamlega fram — og hjálpa öðrum til hins sama! — he ávöxt í framlífinu.

## II.

Fleira er það sem vara þarf við í hinni svonefndu guðspeki en endurburðarkenningin. T. d. var það kent, að aparnir væru komnir af mönnum, og veit eg þess engin dæmi, að dýrafraðingar hafi viljað taka undir þá kenningu. Og eins er það hin mesta fjarstaða, að mannkynið sé orðið 18 milljóna ára gamalt hér á jörðinni. Þá er rétt að vekja eftirtekt á því, að í hinu málða riti frá Blavatsky The Secret Doctrine (Hín dulvæna

kenning, eða dulfræðin), sem telja má nokkurskonar biblíu guðspekistefnunnar, vottar hvergi fyrir skilningi á þeim höfuðsannindum, að verur dulrænunnar eru til orðnar fyrir misskilning á lífinu á stjörnunum, eða nákvæmar tiltekið, áhrifum þess lífs hingað til jarðarinnar. En í þessu efni hefðu guðspekisinnar hér á landi staðið vel að vígi um að endurbæla þá stefnu og koma henni meir á leið sannleikans, þar sem uppgötvun sú sem vikið var á er íslensk. En því miður hætta smáþjóðamönnum svo við — og því meir sem þjóðin er smærri — að mæta minnst það, sem fram hefir komið hjá þeirra eigin þjóð. Hafði eg góðar ástæður til að glöggva mig á þessu er eg hlýddi á Útvarpsverndi tveggja málaþinganna íslendinga um efni sem eg hefði lagt mikla stund á málið hluða því minnar. Annar þessara manna var skúldinn Grétar Fells, og var hann að skýra frá skilningi guðspekisinnar á eðli drauma. En mér vactist, sem ekki væri þar um skilning að ræða á því efni, heldur algerðan misskilning. Hinn maðurinn var einn af smillingum Norðurlanda, dr. Guðmundur Finnþórgunsson. Sagði hann vel og skilmerkilega, einsog hann er vandi, frá líraunum Englandsins Donne til að skýra þetta sama efni: en þar hafa vakið talaverða eftirtekt. Fer því þó fjarri mjög að gáta draumlífsins sé þar ráðin, og minnir rannsókn Donnes mig mjög á hinar ramflókna skýringar stjörnufræðinga á brautum reikiatjarnaana, meðan þeir höfðu ekki uppgötvað, að jörðin sjálf er reikiatjarna. Eða, með öðrum orðum, meðan sjálfa þá undirstöðuuppgötvun vantaði, sem ekki varð án verðs, ef skýringin átti að geta tekist. Báðir þessir ágætu Útvarpsræðumenn attu sammerkt í því, að líta svo á sem íslenskar rannsóknir sem til eru á eðli draumlífsins, væru ekki þess verðar að minnast á þær einu orði. En framtíðin mun sanna það mál mitt, að þar er þá um að ræða þekkingaranka sem meir mun verða til að hefja nýja öld í vísindum en jafnvel uppgötvunir Kópernika og Newtons.

20. nóv.

Helgi Pjeturs.